

Mánudaginn 9. mars 1992.

Nr. 409/1990. **Veðarfæraverslun
Sigurðar Fanndal hf.**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Hallgrími Ólafssyni skiptastjóra
f.h. þrotabús Tréverks hf. og
Erlingi Óskarssyni bæjarfógeta,
skiptaráðanda á Siglufirði**

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli. Sérökuréttur. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október það ár. Hann krefst þess aðallega, að þrotabúi Tréverks hf. verði gert skylt að afhenda sér 250 rúllur af steinull, tveggja tommu þykkri, sem geymdar voru í húsnæði Tréverks hf. að Lækjargötu 14 á Siglufirði. Til vara krefst áfrýjandi afhendingar á 85 rúllum, en andvirði 165 rúllna, 148.830 krónur, verði almenn krafa í þrotabúið. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þrotabú Tréverks hf. krefst þess, að kröfum áfrýjanda verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt skiptaráðandanum á Siglufirði fyrir Hæstarétt, en ekki gert kröfur á hendur honum. Þing hefur verið sótt af hálfu skiptaráðanda, en engar kröfur gerðar.

Í hinn áfrýjaða úrskurð hefur verið tekin skýrsla, sem forráðamenn áfrýjanda og Tréverks hf. sömdu sameiginlega um málavexti. Kemur þar fram, að mistök urðu við afhendingu á steinull, sem Tréverk hf. pantaði hjá áfrýjanda. Viðbrögðum af hálfu kaupanda er þannig lýst í þessari skýrslu: „... kveður hann þá rétt að Sig. Fanndal verði látinn skila vörunni og afgreiða pöntunina rétt“. Ágreiningslaust er, að þetta var tjáð forstjóra áfrýjanda, sem beðinn var jafnframt „um að biða með að endursenda ullina þar sem hugsanlegt sé að Tréverk hf. vilji nota hana eða a.m.k. vilji þeir

fá umhugsunartíma um það hvort svo verði“. Þessi ummæli í hinni sameiginlegu skýrslu er eðlilegast að skilja þannig, að kaupandi hafi heimtað ógallaða vöru í stað þeirrar, sem afhent var, en það var honum heimilt samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Ósk hans um að halda vörunni um skeið og taka af henni til nota í framleiðslu sinni verður ekki skilin svo, að krafan um ógallaða vöru hafi ekki réttaráhrif samkvæmt téðu lagaákvæði. Ágreiningslaust er, að 165 rúllur af steinullinni voru notaðar við framleiðsluna átölulaust. Af þessu leiðir, að áfrýjandi átti og á enn rétt á að fá afhenta úr geymslum þrotabúsins þá steinull, sem enn er ónotuð. Eftir málsútlitun af hálfu aðila er hún þar sérgreind. Ekki er um það deilt, að andvirði þess efnis, sem notað var, hafi verið 148.830 krónur. Ber að greiða þessa fjárhæð sem almenna kröfu úr þrotabúi Tréverks hf., eins og krafist er.

Samkvæmt framansögðu verður varakrafa áfrýjanda tekin til greina og hinu stefnda þrotabúi gert að greiða áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda til að brigða úr vörslum búsins þeirri steinull, sem að framan er lýst.

Stefndi, þrotabúi Tréverks hf., greiði áfrýjanda, Veifar-færaverslun Sigurðar Fanndal hf., 148.830 krónur, og er þessi krafa almenn krafa í þrotabúið.

Protabúi Tréverks hf. greiði áfrýjanda 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Siglufjarðar 10. júlí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 22. júní sl., hefur Veifar-færaverslun Sigurðar Fanndal hf. höfðað gegn þrotabúi Tréverks hf.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

1. Aðallega er gerð sú krafa, að kröfulýsing sóknaraðila, dags. 11. des. 1989, verði tekin til greina, þ.e., að úrskurðað verði, að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 250 rúllur af tveggja tommu léttull (söluverðmæti 225.500 kr.), sem geymdar voru í húsnæði Tréverks hf. að Lækjargötu 14, Siglufirði.

2. Til vara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 85 rúllur af sömu tveggja tommu léttullinni og söluverð 165 rúllna, sem hugsanlega var búið að nota, þegar til gjaldþrots kom, verði úrskurðuð almenn krafa í þrotabú Tréverks hf., það er 148.830 kr.

3. Til þrautavara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að sóknaraðili eigi almenna kröfu í þrotabú Tréverks hf., sem nam söluverði hinna umdeildu 250 rúllna af léttull, en það nam 225.500 kr. í september 1989.

4. Í tilvikum 1 og 2 er gerð sú krafa, að varnaraðila sé gert að greiða sóknaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðarreikning á réttarskjali nr. 10. Í tilviki 3 er gerð sú krafa, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist aðallega, að aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila í máli þessu verði hafnað og viðurkennd verði afstaða bústjóra til sértökukröfu nr. 5 á skrá, það er kröfu sóknaraðila.

Um málavexti vísar sóknaraðili til yfirlýsingar frá 5. desember 1989, undirritaðri af Sigurði Fanndal, Stefáni Aðalsteinssyni, Hreini Júlíussyni og Konráði Baldvinssyni:

„Við neðangreindir erum sammála um, að atvik hafi verið á eftirfarandi hátt:

Í byrjun sept. 1989 pantaði Tréverk hf. ákveðið magn af fjögurra tommu léttull af Sigurði Fanndal. Hinn 4. sept. 1989 kom ullin með bíl frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Þegar ullin var affermd, kom í ljós, að um rétt magn var að ræða, en ullin hins vegar tveggja tommu þykk í stað fjögurra tommu þykkar. Ljóst var, að þessi mistök í afgreiðslu myndu kosta kaupanda óhagræði og kostnað, og kvartaði því starfsmaður Tréverks hf., Hreinn Júlíusson, um þetta við Stefán Aðalsteinsson, starfsmann Sig. Fanndal. Hreinn kvartar um þetta við Sig. Fanndal, sem segist munu kanna, hvernig á þessu standi. Síðan segir Hreinn Konráði Baldvinssyni, forsvarsmanni Tréverks hf., frá þessum mistökum, og kveður hann þá rétt, að Sigurður Fanndal verði látinn skila vörunni og afgreiða pöntunina rétt. Ber Hreinn þessi skilaboð til Sigurðar, en biður hann jafnframt að biða með að endursenda ullina, þar sem hugsanlegt sé, að Tréverk hf. vilji nota hana, eða a.m.k. vilji þeir fá umhugsunartíma um það, hvort svo verði.

Hinn 11. sept. 1989 kemur ný sending af steinull frá Sauðárkróki og m.a. til Tréverks hf. Stefán Aðalsteinsson, starfsmaður Sig. Fanndal, tekur á móti henni við geymslur Tréverks hf. og hefur leit að Hreini Júlíussyni til að taka á móti ullinni. Stefán hittir þá Konráð Baldvinsson og segir honum, að komin sé ný sending af ull. Stefán tjáir Konráði, að um sé að ræða tveggja tommu ull. Konráð bendir þá á, að í síðustu ferð hafi einnig komið

slík ull, sem þeir hafi ekki pantað, þ.e. þykktin röng, og hann vilji, að sú ull verði endursend og Sig. Fanndal afgreiði síðan ullina rétt.

Það skal tekið fram, að síðar kom í ljós, að Konráð hélt, að ullin, sem kom 11. sept., væri einnig vitlaust afgreidd, en það reyndist misskilningur.

Konráð og Hreinn ræddu það síðan sín á milli, að þeir gætu alveg notað tveggja tommu ullina, sem kom 4. sept. 1989, þ.e. þá ull, sem vitlaust var afgreidd, og var það gert, án þess að Sigurður Fanndal væri látinn vita sérstaklega. Var það vegna þess, að forsvarsmenn Tréverks hf., Hreinn og Konráð, töldu sig ekki þurfa þess.

Við undirritaðir lýsum yfir, að framangreindir málavextir eru réttir og sannir að því marki, sem samskipti okkar varðaði á þessum tíma.”

Sigurður Fanndal (sign.),
Stefán G. Aðalsteinsson (sign.),
Hreinn Júlíusson (sign.),
K. Baldvinsson (sign.).

Varnaraðili í máli þessu lýsir málsatvikum þannig:

Hinn 26. október 1989, daginn eftir gjaldþrotaúrskurð, kom aðaleigandi sóknaraðila, Sigurður Fanndal, að máli við undirritaðan bústjóra þrotabúsins til bráðabirgða og skiptaráðandann á Siglufirði á skrifstofu hins síðarnefnda að Suðurgötu 4, Siglufirði.

Erindi hans var að leita eftir því, hvort hann fengi rift kaupum á 250 rúllum af steinull, sem hann hefði selt hinu gjaldþrota fyrirtæki á þeim forsendum, að ullin væri enn ónotuð og geymd á Lækjargötu 14. Sigurður fékk þau svör, að steinull þessi væri að öllum líkindum eign þrotabúsins og fengist því ekki afhent. Jafnframt var honum bent á, að sætti hann sig ekki við þá niðurstöðu, yrði hann að gera kröfu um afhendingu ullarinnar á grundvelli sértökuréttar. Það þýddi, að notkun vörunnar og varsla væri algerlega á ábyrgð þrotabúsins. Síðar kom í ljós, að verulegur hluti þessarar steinullar hafði þegar verið tekinn til notkunar og aðeins eftir 85 rúllur af þeim 250, sem um ræðir í geymslum Tréverks hf.

Árta morguns 27. október 1989 kom Sigurður Fanndal að Lækjargötu 14 og nam á brott þær 85 rúllur af steinull, sem þar voru. Þetta gerði hann án leyfis eða vitundar forráðamanna þrotabúsins. Bústjórinn, sem þá var kominn til Reykjavíkur, frétti af þessari morgunheimsókn daginn eftir og brást hart við. Hringdi hann í Sigurð og bauð honum að skila ullinni hið bráðasta, ella yrði hann kærður fyrir að hafa tekið eigur þrotabúsins ófrjálsri hendi. Þá sendi bústjóri bæjarfógetanum á Siglufirði skeyti, þar sem brottnám þetta var tilkynnt og beðið um rannsókn á því. Sigurður Fanndal gaf þá skýringu á þessu athæfi sínu, að nýjar upplýsingar og frekari upprifjun hefði sannfært sig um, að hann ætti þessa vöru og hann

hefði því ekki þurft að spyrja neinn leyfis til að nema hana á brott. Þá sagði hann, að sér hefði þótt vissara að taka það, sem eftir var af vörinni, áður en meira væri notað af henni. Þessar nýju upplýsingar Sigurðar voru þær, að varan hefði aldrei verið reikningsfærð hjá Tréverki hf., meðal annars hefði hann fengið þessa vitneskju með því að fara á skrifstofu Tréverks hf. að Lækjargötu 14 og sækja þar reikninga, sem ógreiddir voru síðan fyrir gjaldþrot. Þá skýrði hann frá því, að steinullin hefði ekki verið af þeirri þykkt, sem pantað var, og til hefði staðið að skipta henni úr tveggja tommu í fjögurra tommu. Þá bað Sigurður um, að kæra yrði ekki lögð fram að svo stöddu, því að Hreinn Júlíusson væri fjarstaddur, og hefði hann líklega upplýsingar, sem varpað gætu ljósi á þetta mál. Varð það úr, að kæran var ekki lögð fram í málinu og því frestað að fá Rannsóknarlögreglu ríkisins á vettvang. Var það gert að beiðni Sigurðar og síðan lögmans hans. Við frekari rannsókn málsins af hálfu bústjóra komst hann að þeirri niðurstöðu, að umrædd steinull væri ótvírætt eign þrotabúsins. Hinn 24. nóvember átti bústjóri fund með Sigurði Fanndal, sem enn neitaði að afhenda ullina og bað bústjóra að hafa samband við lögmann sinn, þegar til Reykjavíkur kæmi. Hinn 27. nóvember ræddi bústjóri við lögmanninn, sem bað um skriflega staðfestingu fyrrum forráðamanna Tréverks hf. um, að umrædd steinull hefði verið keypt af fyrirtækinu. Sú staðfesting var undirrituð og afhent lögmanni næsta dag.

Hinn 4. desember var bústjóri staddur á Siglufirði og fékk þau boð að hafa samband við Elvar Örn Unnsteinsson lögmann. Erindi hans var, að mönnum bæri ekki saman um málsatvik, og teldi hann nauðsyn á að halda fund með þeim daginn eftir, en þá kæmi hann til Siglufjarðar vegna málsins.

Bústjóri frestaði för sinni suður, og var þessi fundur haldinn 5. desember. Hann sátu Elvar Örn Unnsteinsson, Sigurður Fanndal, Stefán Aðalsteinson, Elsa Konráðsdóttir, Hreinn Júlíusson, Konráð Baldvinsson og Hallgrímur Ólafsson.

Í lok fundarins tók lögmaðurinn saman málsatvikalýsingu, sem hér að framan greinir, af Sigurði, Stefáni, Konráði og Hreini. Skýrslan er samin af lögmanninum, og er orðalag og efni hennar algjörlega hans. Að loknum fundinum tók lögmaðurinn þá ákvörðun að skila búinu umdeildri steinull.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir á því, að hin umdeilda ull hafi aldrei verið seld varnaraðila, Tréverki hf., heldur hafi ullin verið ranglega afgreidd, og hafi Tréverk neitað viðtöku hennar og tilkynnt sóknaraðila um það. Ullin hafi hins vegar verið sett inn í geymslur Tréverks hf., þar til hægt væri að endursenda hana eða eftir atvikum samkvæmt beiðni byggingarstjóra Tréverks hf., að

tekin yrði ákvörðun um, að hún yrði keypt, þrátt fyrir það að um ranga ull væri að ræða. Meðan á ofangreindu ástandi stóð, var ullin aldrei sölu-færð hjá sóknaraðila, og hann beið einungis eftir, að varnaraðili tæki ákvörðun um, hvort hann ætlaði þrátt fyrir allt að kaupa ullina. Ítreka beri, að ullin, sem um er deilt, var aldrei pöntuð, keypt eða greidd af Tré-verki hf. og það sé auðvitað kjarni málsins. Á þessu sjáist auðvitað, að salan á ullinni hafi aldrei farið fram, heldur var ullin enn í eigu sóknaraðila, þegar gjaldþrot Tréverks hf. bar að höndum. Bar bústjóra þrotabúsins því auðvitað að skila henni strax.

Um það, hvort sala fór fram eða ekki, megi vísa til 55. og 56. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Þar komi meðal annars fram, að það er ekki afhending ein og sér, sem ráði því, hvort vara telst seld eða keypt.

Varakrafa sóknaraðila er á því reist, að varnaraðili beri að minnsta kosti alltaf ábyrgð á afhendingu þess hlutar hinnar umdeildu ullar, sem var í vörslu Tréverks hf., er úrskurður um gjaldþrot gekk 25. október sl.

Krafa um málskostnað er á því reist, að ákvarðanir bústjóra þrotabús Tréverks hf., varnaraðila, hafi valdið sóknaraðila verulegum kostnaði og tilurð máls þessa sé einvörðungu orðin vegna þessara röngu ákvarðana hans. Jafnframt er vísað til 177. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Um málsástæður og lagarök segir varnaraðili, að steinullin hafi verið móttækin með þeirri áthugasemd, að hún væri ekki af rétttri þykkt, og áskilinn réttur til að fá ullinni skipt í fjögurra tommu ull, eins og upphaflega hafi staðið til, en byggingarstjóri Tréverks hf. hafi litið svo á, að við móttöku hafi kaupin farið fram og ullin væri frjáls til notkunar. Því hafi kaupin farið fram, þrátt fyrir það að hætt hafi verið við að skipta vörunni, og hefði sú aðgerð varla breytt réttarstöðu kaupanda né seljanda í þessu máli. Einnig bendir hann á, að frá afhendingu ullarinnar 4. sept. 1989 liðu 52 dagar, án þess að nokkuð væri aðhafst af hálfu seljanda. Þá bendir varnaraðili á, að í greinargerð sóknaraðila hafi því verið haldið fram, að engin afhending hafi farið fram, en sértökukrafan sé reist á þeim rökum, að afhending ein og sér ráði því, hvort sala hafi farið fram eða ekki. Þá segir sóknaraðili, að lög nr. 39/1922 eigi ekki við í máli þessu, og bendir hann á, að afhending vörunnar hafi farið fram af hálfu sóknaraðila. Varan hafi verið send frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki til Sigurðar Fanndal, Eyrargötu 2, Siglufirði, samkvæmt fylgi-bréfi, sem málskjöulunum fylgja. Flutningabill var hins vegar affermdur við aðsetur Tréverks hf. fyrir atbeina sóknaraðila og undir umsjón Stefáns Aðalsteinssonar, starfsmanns hans.

Álit réttarins.

Mál þetta snýst um það, hvort Tréverk hf. hafi keypt og fengið afhenta léttull þá, sem deilt er um í málinu. Það er ljóst samkvæmt gögnum máls-

ins, að Stefán Aðalsteinsson, starfsmaður Sigurðar Fanndals, afhenti umdeilda léttull við geymslur Tréverks hf., en þar tók á móti henni Hreinn Júlíusson, starfsmaður Tréverks hf., en ullin var send Veidarfæraverslun Sig. Fanndal hf., Siglufirði, og var sendandi Steinullarverksmiðjan, Sauðárkróki. Það hefur og komið fram, að Hreinn Júlíusson og Konráð Baldvinsson, forráðamaður Tréverks, höfðu kvartað undan því, að ullin væri ekki af réttri gerð, en seljandi hafðist ekkert það að, sem benti til þess, að hann myndi skipta ullinni til réttrar gerðar. Einnig hefur komið fram í málinu, að Sigurður Fanndal hafi sent reikninga fyrir viðkomandi steinull á skrifstofu Tréverks hf. í Lækjargötu 14. Þá reikninga hafi hann síðan sótt sjálfur og tekið til baka, en starfsstúlka á skrifstofunni hafi tekið ljósmynd af reikningunum og geymt þá í bókhaldi fyrirtækisins. Ekkert það hefur komið fram í málinu, sem staðfesti það, að Tréverk hf. hafi ætlað sér að skila ullinni, enda hafi starfsmenn Tréverks þegar verið búnir að nota 165 rúllur af hinni umdeildu ull.

Ályktarorð:

Varnaraðili, þrotabú Tréverks hf., á að vera sýkn af aðalkröfu sóknaraðila, Veidarfæraverslunar Sig. Fanndal hf., í máli þessu.

Varnaraðili skal vera sýkn af varakröfu sóknaraðila í máli þessu.

Þrautavarakrafa sóknaraðila verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Tréverks hf.

Málskostnaður falli niður.
